

Skýrsla um skógræktina á Hallormsstað og umdæmi V árið 1921.

Skógurinn: Grisjun hefur farið fram á sömu skógarteigum og í fyrra. Hólunum íræm og upp af Ormsstöðum og sunnan við veginn til Skelðalds. Þá á svæðinu milli Kerlingarár og Atlavíkurlæks. Ennfremur í Partinum og Vörðuhrauni, bæði ofan og neðan við Þjóðvegin. Lítið höggvið af rattavið í ár og ekkert annað en girðingarstauragildleiki. Ekkert í gamla rattaskóginum.

Girðingia: Minni bilun á girðingunni, en venja er til, vegna þess að veturinn s.l. var fremur snjólettur. Seinast í Aprilmánuði komu hér óvanalega heitir dagar, eins og væri það í júlímánuði. Tók þá mestallan snjó af girðingunni her og var þá gert við hana. Nokkrir staurar voru brotnir og voru endurnýjaðir með birkistaurum.

Frævoxtur: Vorið var mjög kalt hér austanlands og sumarið allt, nema hálfur mánuður seinast í júní og byrjun júlí. Fræ á skóginum varð þess vegna ekki fullþroska. Um írjófingunartímenn var utlitið að vísu allgott og blómgunin eilaust í meðallagi, en fræþroskunin gekk svo seint að sumarið entist ekki til að fullgera hana. Reyniviðarfræ óx mjög lítið. Kibsber urðu ekki þroskuð fyr en í október.

Ársvöxtur: Þrátt fyrir það þó sumarið væri yfirleitt mjög kalt, varð ársvöxtur á skóginum mikill, sem þakka má hitunum um mánaðarmótin júní-júlí, eins og fyr er getið. Lengstu árssprotar urðu um 55 cm.

Maður var enginn í skóginum.

Græðireiturinn: Sáð var ca. 7 kg af birkiþræl og ca. 14 kg af reyniviðarþræl. Mest af reyniviðarþræinu var safnað úr Oræfum, en hiti hér úr skóginum. Birkiþræið kom vel upp, en þroskinn varð lítill á sá sumrinu vegna ótiðarinner. Reyniviðarþræ, sem sáð var í fyrra kom upp, en fremur illa. Orsakir til þess eru mér ókunnar.

Úr græðireitnum flutti eg nokkrar lævirkjaplöntur út um Mörkina. Þeim var sáð 1913 og urðu því 8 ára í vor.

Á því engar plöntur voru hæfilegar til dreifsetningar, var engu dreift á þessu ári. Framför í græðireitnum var allgöð eins og á skóginum. Veturinn í fyrra var líka mildur og bar ekki á kali. Þó kuldar væru miklir í maí, varð það ekki að tjóni vegna þess að frost var þá að mestu úr jörðu. Hitakaflinn sem kom um mánaðarmótin júní- júlí hafði ómetanlega góð áhrif á ungvíðið, eins á skóginn og

annan gróður og bætti mikið upp hið kalda og votviðrasama sumar, sem þá var eftir alveg fram á haust her austanlands.

Selt var ur græðireitnum:

Birki	110	stk.
Reynir	166	-
Víðir	70	-
Lævirkjatré	58	-
Ríbs	8	-
Fura	4	-
Greni	2	-
Samtals:	<u>113</u>	<u>stk.</u>

Byggingar: Um þar visast til meðfylgjandi skýrslu.

Ferðir: Í septembermánuði fór og eftirlitsferð suður í Álfta-
fjörð og Lón. Meðfylgjandi er skýrsla um það.

Hallormestac
Guttormur Pálsson.